



Félagsheimilið á Blönduósi ehf. FUNDUR – 3. maí 2007

Fundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi fimmtudaginn 3. maí 2007 klukkan 17:00 á bæjarskrifstofu.

Mætt voru Nína Margrét Pálmadóttir, Héðinn Sigurðsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Kristín Guðjónsdóttir, Guðmundur Karl Ellertsson og Kári Kárason sem fulltrúi Hvatar.

Dagskrá:

1. Viðhald félagsheimilisins
2. Verðskrá
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Viðhald félagsheimilisins

Ákveðið er að fara þess leit við umsjónarmann eigna að hann forgangsraði fjármagni í viðhald hússins, en mest þörf er á viðgerð á þaki vegna leka, bæði í danssal og í bíósal.

2. Verðskrá

Nína og Kári ætla að skoða verðskrá hjá öðrum sambærilegum húsum og leggja fyrir næsta fund.

Kára Kárason vikur af fundi.

3. Önnur mál

Umræður urðu um flygil sem gefinn var Félagsheimilinu, en tónlistarfólk vill hafa hann staðsetann í Kirkjunni.

Skiptar skoðanir eru um þetta mál. Jóna Fanney Friðriksdóttir þurfti að víkja af fundi. Kristín lætur bóka að hún sem stjórnarmaður í Félagsheimilinu ber hag þess fyrir brjósti og er alfarið á móti því að flygillinn sem Kvenfélagið Vaka og Lionsklúbburinn gáfu árið 1976 í félagsheimilið verði fluttur og geymdur í kirkjunni. Hún telur það ekki í mál félagsheimilins hvaða hljóðfæri vanti í Kirkjuna, en veit að þar er fyrir bæði píanó og orgel.

Samkórnum Björk og Kirkjukórnum er velkomid að æfa í félagsheimilinu telji kóramir sig ekki geta sungið nema við undirleik umrædds hljóðfæris. Hún spyr líka hvað verður það næst sem fjarlæggt verður úr húsinu telji aðrir sig hafa meiri not fyrir það annarsstaðar.



Stjórnin kom sér saman um að auka mætti tónleikahald í bíósal félagsheimilisins.

Stemmt er að því að endurnýja sætin í bíósalnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.

*Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)*

Kristín Guðjónsdóttir